



Skólanámskrá Oddeyrarskóla



Almennur hluti 2022-2024

Ábyrgðarmenn:

Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri

Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri

Margrét Th Aðalgeirsdóttir deildarstjóri

EFNISYFIRLIT	
INNGANGUR	2
SAGA ODDEYRARSKÓLA	3
SÝN OG STEFNA ODDEYRARSKÓLA	4
SKÓLI ÁN AÐGREININGAR	4
SMT SKÓLAFÆRNI	4
GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR Í NÁMI NEMENDA	6
MARKMIÐ NÁMS	7
NÁM OG KENNSLA Í ODDEYRARSKÓLA	8
TEYMISVINNA	8
NÁMSUMHVERFI	8
NÁMS- OG KENNSLUAÐFERÐIR	8
SAMRÆÐUR Í SKÓLASTARFINU	8
NÁMS- OG STARFSFRÆÐSLA	9
NÁMSMAT	10
INNRA MAT	10
SAMVINNA HEIMILA OG SKÓLA	11
SAMSTARF SKÓLA OG SKÓLASTIGA	12
SAMSTARF VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ	12
ÝMSAR ÁÆTLANIR	13
Móttaka nýrra nemenda	13
Móttaka nemenda af erlendum uppruna	13
Áfengis- og fíknivarnir	13
Viðbragðsáætlun gegn einelti	13
Jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla þarfnast uppfærslu	13
Viðbrögð við áföllum	13
Verklagsreglur Akureyrarbæjar vegna nemenda með fjölþættan vanda	13
Öryggi og velferð barna	13

INNGANGUR

Skólanámskrá Oddeyrarskóla er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrá þar sem gerð er grein fyrir sérkennum skólans. Skólanámskráin er tvíþætt, þ.e. annars vegar almennur hluti hennar sem hér birtist og hins vegar starfsáætlun. Almenni hlutinn byggir á þeim gildum sem skólinn stendur fyrir og er endurskoðaður á tveggja til þriggja ára fresti. Í starfsáætlun, sem gefin er út árlega, er að finna upplýsingar um starfstíma og viðburði komandi skólaárs. Bekkjarnámskrár eru einnig hluti af starfsáætlun.

[Menntastefna Akureyrarbæjar](#) var endurútgefin árið 2020 og gildir til ársins 2025. Þar kemur fram að það sé hlutverk Akureyrarbæjar að vinna að velferð og framförum barna, tryggja þeim öruggt námsumhverfi og skapa góðar aðstæður fyrir skapandi og framsækið skólastarf. Skólastarfið byggir á ákvæðum Aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og stefnu yfirvalda um menntun fyrir alla.

Skólastarf er í sífelldri þróun þar sem starfsmenn skóla eiga reglulega samtöl um stefnu, markmið, mat og framfarir nemenda.

Anna Bergrós Arnarsdóttir, skólastjóri

Fjóla Kristín Helgadóttir, deildarstjóri

Margrét Th Aðalgeirsdóttir, deildarstjóri

SAGA ODDEYRARSKÓLA

Skólastarf á Akureyri á sér langa sögu en heimildir eru fyrir því að formlegt skólastarf af hálfu Akureyrarbæjar hafi hafist á Akureyri árið 1871, fyrir rúmum 150 síðan. Skólinn var fyrst í Aðalstræti og þar stunduðu um 20 nemendur nám, alls staðar af Akureyri. Leiðin í skólann í Innbænum var löng og erfið fyrir börnin af Oddeyrinni enda ekki uppfyllingar á sjónum eins og nú á dögum. Foreldrar á Oddeyri fóru því fram á það við bæjarstjórn að fá sérstakan skóla á Oddeyrina við lítinn hljómgrunn fulltrúa í bæjarstjórn. Þó er talið að skóli hafi verið starfræktur í nokkrum húsum á Oddeyri frá 1879-1900. Árið 1879 er talið að rekinn hafi verið einkaskóli í Norðurgötu 7 en það hús síðar flutt í Fróðasund 10A. Þá var skólinn í Strandgötu 23 en það hús stendur nú við Lundargötu 2. Þá var skólinn nokkur ár í Strandgötu 13 en fluttist svo í Strandgötu 39 en þau hús brunnu síðar. Árin 1898-1900 var Oddeyrarskólinn til húsa í Norðurgötu 17 en það hús stendur enn nánast í upprunalegri mynd. Hugsanlegt er að gamli Oddeyrarskólinn hafi verið til húsa á fleiri stöðum á Oddeyrinni á þessum tíma.

Árið 1900 var tekinn í notkun nýr barnaskóli á Akureyri í Hafnarstræti 25, undir brekkunni og milli bæjarhlutanna Innbæjarins og Oddeyrarinnar. Þar var skólinn til ársins 1930 þegar Barnaskóli Akureyrar flutti í nýtt húsnæði, Rosenborg, uppi á Brekkunni. Akureyringum hafði þarna fjölgað og orðið þröngt í Hafnarstræti 25. Nýja húsnæðið var vel búið á mælikvarða þess tíma og öll aðstaða til kennslu betri og fjölbreyttari. Akureyri stækkaði og upp úr 1950 var farið að huga að byggingu nýs skóla á Oddeyrinni.

Bygging Oddeyrarskólans á þeim stað sem hann er í dag hófst árið 1955 og tók hann til starfa haustið 1957. Það var þó ekki fyrr en 7. desember að fyrsta áfanga lauk og skólastarf hófst í nýju húsnæði. Fram að því var skólinn til húsa að hluta til í Barnaskóla Akureyrar en síðan annan hvern dag í Leikvallarhúsinu á Oddeyri og í Verslunarmannahúsinu við Gránufélagsgötu.

Fyrsti áfangi skólans samanstóð af einnar hæðar byggingu sem liggur í austur og vestur en þar voru fjórar kennslustofur. Auk þess var lítil álma til suðurs sem innihélt m.a. kennarastofu og skrifstofu skólastjóra en Frístund er nú starfrækt í þessum hluta. Fyrstu árin var kennt í kennarastofunni svo þá voru fimm kennslustofur en skólinn var þrýstinn fyrsta árið með 237 nemendum en þá sóttu nemendur skólann á mismunandi tíma dagsins. Viðbótarbygging á þremur hæðum í vesturenda var byggð nokkrum árum síðar og neðsta hæðin tekin í notkun 1962. Lágreist viðbótarbygging er samtengd vesturálmunni en þar var gert ráð fyrir heilsugæslu og snyrtingu en nú er þar forstofa og inngangur að íþróttahúsi. Nemendur voru flestir á árunum kringum 1970 en þá voru þeir tæplega 500. Árið 1994 var byggt íþróttahús við skólann og í kringum aldamótin 2000 var byggð starfsmannaálma og nýjar kennslustofur norðan við elsta hluta skólans. Síðustu ár hafa nemendur skólans verið tæplega 200 talsins. (Eiríkur Sigurðarson, 1992. *Barnaskóli á Akureyri í 100 ár*. Akureyri: Fræðsluráð Akureyrar).

Skólastjórar hafa frá upphafi verið sex talsins:

1957 - 1967 Eiríkur Sigurðsson
1967 - 1995 Indriði Úlfsson
1995 - 2001 Úlfar Hauksson
2001 - 2012 Helga Hauksdóttir
2012 - 2019 Kristín Jóhannesdóttir
2019 - Anna Bergrós Arnarsdóttir

SÝN OG STEFNA ODDEYRARSKÓLA

Einkunnarorð skólans eru ábyrgð – virðing – vinátta

Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.

Jákvæður skólabragur byggist á virðingu fyrir öllum einstaklingum og umhverfi þar sem margbreytileika skólasamfélagsins er fagnað. Hver og einn er meðvitaður um gildi sitt í samfélaginu og axlar ábyrgð á hlutverki sínu.

Við sköpum áhuga meðal einstaklinga með því að gera námið forvitnilegt og fjölbreytt og náms- og starfsumhverfi vinsamlegt og hvetjandi. Hver og einn sýnir ábyrgð í því að leita leiða til að skapa þessar aðstæður.

Við byggjum upp metnað með því að skapa aðstæður þar sem einstaklingum er gefinn kostur á að nýta styrkleika sína og hæfileika til að ná árangri. Mat á starfinu skal sett fram með leiðbeinandi og uppbyggjandi hætti. Þannig skapast vilji til að þróa og efla starfið.

Oddeyrarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1. - 10. bekk. Við viljum skapa skilyrði til náms með leik, sköpun og hefðbundnu bóknámi. Við vinnum samkvæmt hugmyndafræði byrjendalæsis í yngstu bekkjunum, en markmið þess er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni og er gengið út frá því að börn fái lesefni sem kveiki áhuga þeirra, ýti undir ímyndunarafl og hvetji þau til gagnrýnnar hugsunar.

Oddeyrarskóli leggur mikið upp úr góðu samstarfi við foreldra og viljum við fyrst og fremst leggja áherslu á gagnkvæmt traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur nemenda okkar. Við trúum því að samábyrgð og samvinna heimila og skóla sé hornsteinn að þroska, námi og velferð barna og ungmennta og við bjóðum foreldra og börn velkomin til samstarfs við okkur í Oddeyrarskóla.

SKÓLI FYRIR ALLA

Með lögum um grunnskóla nr. 63/1974 var lögfest sú meginstefna í menntamálum á Íslandi að grunnskólinn eigi að haga störfum sínum í samræmi við getu og þarfir allra nemenda, óháð námsgetu og að öll börn eigi rétt á að sækja sinn heimaskóla. Eins og fram kemur í sýn skólans hér að ofan byggir Oddeyrarskóli starf sitt á virðingu fyrir margbreytileikanum. Kennslaðferðir, starfsaðferðir allar og áætlanir endurspegla þessa sýn og vilja til að mæta þörfum allra nemenda.

SMT SKÓLAFÆRNI

Í Oddeyrarskóla vinnum við eftir hugmyndafræði SMT skólafærni. Innleiðing á SMT skólafærni hófst í skólanum árið 2006 en hugmyndafræðin gengur út á *jákvæðan stuðning við hegðun nemenda*. SMT skólafærni er útfærsla á bandarísku aðferðinni “positive behavior Support” (PBS) sem víða er notuð í grunnskólum í Reykjavík. SMT skólafærni er hliðstæð PMT foreldrafærni (parent management training).



Markmið SMT skólafærni er að skapa jákvæðan skólabrag og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks skóla. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Nemendur sem hafa góða félagsfærni sýna síður óæskilega hegðun, eiga auðveldara með að eignast vini og leysa farsællega úr vandamálum og ágreiningsefnum.

Nemendur Oddeyrarskóla fá hrós fyrir æskilega hegðun og að fylgja skólareglum. Í sumum tilvikum geta nemendur fengið svokallaða þrumu, eða hrósmiða sem þeir setja í safn bekkjarins og þegar bekkurinn hefur náð sexfaldri bekkjarstærð af þrumum fær hann umbun sem hefur verið fyrirfram ákveðin. Umbun getur verið í formi spilátíma, leiktíma, náttfatadags, frjáls nestis eða annars í þeim dúr.

Einkunnarorð Oddeyrarskóla eru *ábyrgð*, *virðing* og *vinátta*.

Þau eiga að minna okkur á ábyrgð okkar gagnvart sjálfum okkur og öðrum, t.d. á námi, kennslu og framkomu. Þau eiga að minna okkur á að sýna hvert öðru virðingu, bæði í orði og verkum. Þau eiga að minna okkur á mikilvægi vináttu og að öllum líði vel í skólanum. Að nemendur og starfsfólk starfi í jákvæðu umhverfi þar sem áhersla er lögð á vinsemd og allir leggjast á eitt um að vinna gegn stríðni, vanlíðan og einelti.



Einkunnarorð skólans eiga að vera öllum kunn og vera okkur leiðarljós að því markmiði að öllum líði vel í skólanum og þeir séu metnir að verðleikum. Að hver og einn geti sinnt starfi sínu og námi eins og hann best getur og fengið leiðbeiningar og aðstoð eins og hann þarf. Að innan skólasamfélagsins sé andi samhjálp og vináttu, þannig að allir hjálpist að við að leiðbeina og minna á góðar umgengnisvenjur og láti sig varða ef einhver er beittur órétti eða við sjáum stríðni eða einelti gagnvart nemendum eða starfsfólki. Einkunnarorð skólans eru rædd og rifjuð upp á hverju skólaári.

Við leggjum áherslu á að nemendur læri skólareglurnar og fá þjálfun í að fylgja þeim. Skólareglur eru settar upp í reglutöflu sem flokkuð er svæðum. Þar eru líka almennar reglur sem gilda hvar sem nemendur eru, bæði innan dyra eða utan og þar sem nemendur og starfsfólk eru á vegum skólans. Yfirreglur SMT skólafærni eru eftirtaldar: *Við förum eftir fyrirmælum, við erum stundvís, við erum kurteis og tillitsöm og komum vel fram við alla, við virðum eigur annarra og göngum vel um, við skiljum sælgæti, gos og orkudrykki eftir heima.*

Hvatning

Hvatning er tæki sem kennarar geta notað til að kenna nýja hegðun og viðhalda henni með jákvæðum hætti. Sjálfstraust barna helst mjög í hendur við þá hvatningu sem þau fá fyrir það sem þau geta eða gera rétt.

- Hvatning er eitthvað sem barn vill fá og fylgir á eftir æskilegri hegðun.
- Hvatning getur verið félagsleg, s.s. hrós og bros.
- Hvatning getur verið áþreifanleg eins og límmiðar og stjórnur sem kennarar nota oft.
- Hvatning getur verið að fá að gera eitthvað, spila, fara í leiki eða annað sem kostur er á.

Þegar hegðun nemenda er ekki í samræmi við viðmið okkar og væntingar fylgja starfsmenn ákveðnu ferli. Nemendur fá aðvörun og val um að sýna rétta hegðun. Gangi það ekki eftir er hegðunarbrot skráð í dagbók. Þegar ákveðnum fjölda skráningar er náð fer af stað ferli í samvinnu við foreldra með það að markmiði að auka skólafærni nemandans.

Lausnarþeymi skólans vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa. Kennarar geta óskað eftir stuðningi teymisins við lausn einstaklingsmála eða málefna hópa. Unnið er að því að sem flestir kennarar skólans fari í PMTO grunnmenntun en hún er ætluð fagfólki sem kemur að vinnu með börnum sem sýna hegðunarerfiðleika og sinnir ráðgjöf fyrir uppalandur. Markmið grunnmenntunar er þrjúþætt: að efla þekkingu þessara fagstétta á aðferðum PMTO til að takast á við hegðunarerfiðleika; að efla skilning á hegðunarerfiðleikum og á mælingum hegðunar; að auka færni í ráðgjöf vegna hegðunarerfiðleika og vitund um hvenær og hvert vísa eigi málum sem þarfnast frekari meðferðar (til dæmis í PMTO einstaklings- eða hópmeðferð).

GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR Í NÁMI NEMENDA



Í aðalnámskrá grunnskóla eru skilgreindir sex grunnþættir menntunar; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir sem tengjast allir innbyrðis og eru jafnframt háðir hver öðrum eiga samkvæmt aðalnámskrá að endurspeglast í daglegu skólastarfi og vera sýnilegir í skólanámskrá hvers skóla. Í Oddeyrarskóla er leitast við að gera þessum þáttum góð skil í öllu skólastarfi. Sem dæmi má nefna að nemendur skólans hafa tekið þátt í málþingum sem lúta að innra starfi skólans og bæði forseta- og alþingskosningum barna. Læsi fléttast auðveldlega inn í hvaða kennslugrein sem er. Í læsi felst að nemendur verðir færir um að afla sér þekkingar gegnum lestur bóka og

hljóðbóka og annarra miðla. Hugtakið læsi nær til þátta sem fjalla um skilning og merkingarsköpun nemenda og vinnum við stöðugt að því á margvíslegan hátt. Nemendur lesa og kynna sér ákveðið efni, jafnvel er eitthvað þema til umfjöllunar, rýna í efnið með það að leiðarljósi að geta á endanum rætt efnið við aðra og sagt frá því munnlega, skriflega, myndrænt eða á hvern þann hátt sem hentar.

Haustið 2016 hóf Oddeyrarskóli þátttöku í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli með það að markmiði að vinna markvisst að heilsuefningu. Í verkefninu er lögð áhersla á að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan allra sem í skólanum starfa. Nánar er fjallað um framkvæmd á heilsuefningu í Oddeyrarskóla og heilsustefnu á [heimasíðu skólans](#). Hér má sjá [góðar hugmyndir að nesti nemenda](#).



Oddeyrarskóli tekur þátt í verkefni sem Jafnréttisstofa heldur utan um og nefnist *“Rjúfum hefðirnar förum nýjar leiðir”*. Jafnréttisstofa sinnir eftirfylgni, fræðslu og ráðgjöf við þátttakendur. Verkefnið er samstarfsverkefni skóla, vinnustaða, fagfélaga og annarra sem láta sig jafnréttismál varða. Skólar sem taka þátt eru; Háskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Oddeyrarskóli og Lundasel og svo félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Nemendur í 9. bekk og í 5. og 6. bekk munu taka þátt í verkefninu.

Markmið verkefnisins er að breyta hefbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalmyndum um hlutverk kvenna og karla sbr. 4. gr. jafnréttislaga.

Megináherslur verkefnisins eru m.a. að

- Stuðla að jafnrétti kynjanna í menntun, starfsþjálfun og ráðgjöf
- Ögra hefbundnum staðalmyndum um hlutverk karla og kvenna á vinnumarkaði
- Vinna gegn /brjóta upp hegðun sem vinnur gegn jafnrétti kynjanna

Í Oddeyrarskóla er lögð áhersla á hið talaða mál og samræður í öllum myndum. Við viljum að nemendur okkar verði smám saman færir um að tjá hugsun sína skýrt, greina það sem sagt er og hugsa um það á gagnrýnninn hátt. Einnig að þeir eigi auðvelt með að tjá sig opinberlega af öryggi. Þetta er liður í því að mennta nemendur til lýðræðislegrar þátttöku og sjálfbærni. Sjálfbærni menntun miðar meðal annars að því að skapa samábyrgt samfélag. Í gegnum uppeldisstefnu skólans og umræður um skólareglur, samskiptareglur og umgengni við allt í okkar umhverfi er markvisst unnið að þessari menntun.



Lýðræðislegir starfshættir skólans birtast í aðkomu nemenda og starfsmanna að því að móta skólastarfið með einhverjum hætti. Skólaping skal halda ár hvert þar sem tekin eru fyrir málefni sem brýnt þykir að ræða á breiðum grundvelli. Allir geta komið með tillögur að umræðuefni. Við skólann starfa einnig ýmsar nefndir og ráð sem geta haft áhrif á skólastarfið. Í gegnum þemavinnu fá nemendur oft val um vinnulag, umfjöllunarefni og taka þátt í mótun daglegra starfshátta með þessari þátttöku.

Til að auka vinnu við sköpun, nýsköpun og upplýsingatækni hefur skólinn kennt smíðjur í 1. – 7. bekk. Boðið upp á smíðjur í textílmennt, heimilisfræði, tónlist, myndlist og smíðum. Unglingar hafa meira val og geta valið um margvísleg verkefni þar sem sköpun er lykilatriði. Á unglingastigi er einnig unnið mikið í þemum þar sem greinar eru samþættar og nemendur hafa val um úrvinnslu verkefna og skipuleggja sjálfir leiðir að markmiðum. Upplýsingatækni er fléttuð inn í allt starf skólans. Nemendur hafa gott aðgengi að ýmiskonar tækjabúnaði og fá þjálfun í notkun þess.

MARKMIÐ NÁMS

Í 2. grein grunnskólalaga segir að hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Þar segir einnig að grunnskóli skuli stuðla að víðsýni hjá nemendum og skólastarfið skuli leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Einnig er það hlutverk grunnskólans að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Í Oddeyrarskóla er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér vinnubrögð og samskipti sem gerir þá færari um að takast á við þau verkefni sem bíða þeirra í ókominni framtíð. Sjónum er sérstaklega beint að samræðum í ýmsum myndum og þjálfun í samvinnu og sjálfstæðum vinnubrögðum í gegnum fjölbreytt þemaverkefni.

NÁM OG KENNSLA Í ODDEYRARSKÓLA

Í Oddeyrarskóla er leitast við að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun og samvinnu starfsfólks og hefur það að markmiði að efla námsárangur nemenda.

Nám nemenda í grunnskóla grundvallast á samspili margra þátta. Til að nemandi nái góðum árangri í námi þarf hann að vera í hvetjandi námsumhverfi, upplifa væntingar, læra vönduð vinnubrögð og njóta góðrar kennslu þar sem horft er til þarfa hans og markmiða.

TEYMISVINNA

Haustið 2021 var farið af stað með markvissa teymisvinnu undir leiðsögn frá MSHA en áður höfðu fáein teymi prófað sig áfram í þróun teymisvinnu. Markmið með teymisvinnu í Oddeyrarskóla er að auka gæði kennslu og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda, m.a. með sameiginlegri ígrundun starfsfólks og þar sem starfsmenn læra hver af öðrum.

Í Oddeyrarskóla nýtum við samvinnu og faglega samræðu til að mæta þörfum nemenda og stuðla að auknum námsárangri. Lögð er áhersla á að kennarar miðli því sem vel gengur og sækir sér þekkingu innan skólans og utan. Kennarar rýna í niðurstöður innra og ytra mats og þær nýttar við skipulagningu náms og kennslu. Starfsmenn vinna náið saman og styðja hver við annan í starfi og bera sameiginlega ábyrgð á að mæta þörfum nemenda.

NÁMSUMHVERFI

Fjölbreytilegt námsumhverfi og kennsluaðferðir, sem eru hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur eru meginforsendur þess að nemendur nái þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Góður skólabragur eflir samskiptahæfni nemenda og þroska þeirra til virðingar og umburðarlyndis, jafnréttis og umgengni við aðra, umhverfi og náttúru. Námsumhverfi nemenda mótast af skólabrag, umhverfi, námsgögnum og öðrum aðbúnaði.

Í Oddeyrarskóla leggjum við áherslu á að námsumhverfi veki áhuga og stuðli að virkni í námi og kennslu. Við stuðlum að jákvæðum skólabrag með ýmsum leiðum. Áhersla er á að kennarar beiti viðurkenndum aðferðum sem stuðla að góðum samskiptum, uppbyggjandi og jákvæðu sambandi milli nemenda. Í skólanum er námsumhverfi sveigjanlegt og aðstæður skapaðar fyrir nemendur að ná markmiðum eftir mismunandi leiðum.

NÁMS- OG KENNSLUAÐFERÐIR


Í Oddeyrarskóla er lögð áhersla á fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir svo nemendur hafi kost á námsaðferðum og námi við hæfi. Kennarar gera kennsluáætlanir og skipuleggja nám við hæfi hvers og eins og nýta til þess fjölbreyttar leiðir. Áhersla er á að efla sjálfstæði og væntingar til árangurs eru miklar. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða í samvinnu við aðra en aðferðir samvinnunáms sem byggja á samræðum eru hluti af skólastarfinu.

SAMRÆÐUR Í SKÓLASTARFINU

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er áhersla lögð á að nemendur séu virkir og sjálfstæðir í námi sínu, þeir skapi og miðli en séu ekki eingöngu viðtakendur. Vaxandi áhyggjur eru af ósjálfstæði nemenda og

lítilli þrautseigju og vangaveltur hafa verið um hvort skýringuna sé að einhverju leyti að finna í kennsluaðferðunum.


Tungumálið er okkar tæki til að læra. Við lærum öll gegnum lestur, hlustun og samræður við hvert annað. Í skólanum nýtum við samræður markvisst á ákveðnum árgöngum. Markmiðið með því að nota gagnrýnar spurningar og æfa sig í að rökstyðja mál sitt er að efla hugsun nemenda og gera þá færari um að bera ábyrgð á námi sínu. Samræður nýtast í öllum námsgreinum til að auka skilning og efla hugsun.



Með aukinni samræðu eykst virkni nemenda, þeir þjálfast í að rýna til gagns, rökstyðja mál sitt og bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Samræðan er góð leið til að skerpa skilning og auka samstarf nemenda. Læsissteymi Oddeyrarskóla hefur það hlutverk að styðja kennara og halda verkefninu lifandi.

UPPLÝSINGATÆKNI Í SKÓLASTARFINU

Námsáherslur 21. aldarinnar byggja að miklu leyti á markvissa nýtingu miðla og upplýsinga og leggjum við áherslu á að nemendur Oddeyrarskóla öðlist hæfni til að nýta sér fjölbreyttar og nýstárlegar leiðir í námi sínu á hverju aldurstigi fyrir sig. Upplýsingatækni í skólastarfinu stuðlar að fjölbreytni í námi og vinnubrögðum í öllum námsgreinum. Í Oddeyrarskóla er áhersla lögð á



sambættingu námsgreina, að læra góð og gagnleg vinnubrögð og að skapa nemendum tækifæri á að miðla á skapandi hátt.

Allir nemendur hafa aðgang að umhverfi sem kallast [Google Suite for Education](#), en í því umhverfi geta nemendur unnið ýmis konar verkefni á rafrænan hátt og deilt vinnu sinni með kennurum sem veita þeim endurgjöf. Umhverfið býður upp á mikla gagnvirkni og gott utnumhald.

Nemendur skólans hafa gott aðgengi að tækjum á skólatíma en í 5. - 10. bekk er eitt tæki, chromebook tölva, fyrir hvern nemenda. Þess utan hafa nemendur aðgengi að nokkrum ípöðum sem hægt er að hafa að láni í styttri tíma. Nemendur 1. - 4. bekkjar hafa sameiginlega chromebook vagn með um 20 tækjum og um 20 ípada þar að auki.

Allir nemendur Oddeyrarskóla læra undirstöður forritunar í gegnum ýmis forrit sem henta í skólastarfi.

NÁMS- OG STARFSFRÆÐSLA



Náms- og starfsráðgjöf er lögbundinn hluti af sérfræðipjónustu skóla.

Námsráðgjöf er ætlað að vera fyrirbyggjandi þjónusta við alla nemendur skólans og stuðla að því að nemendur geti skapað sér viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima og markað sér braut til framtíðar. Þetta felur m.a. í sér að náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa frumkvæði að því að nálgast nemendur sem eru í þörf fyrir aðstoð en bera sig ekki eftir björginni.

Náms- og starfsráðgjöf felst í því að liðsinna nemendum við að finna hæfileikum sínum, áhugasviðum og kröftum farveg. Markviss náms- og starfsfræðsla þarf að standa nemendum til boða frá 1. – 10.

bekk grunnskóla. Jafnrétti ber að hafa að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu með því að kynna piltum og stúlkum fjölbreytt námsframboð að loknum grunnskóla og störf af ýmsu tagi. Vinna þarf gegn stöðluðum ímyndum kynjanna um möguleika í náms- og starfsvali allt frá upphafi.

NÁMSMAT

Í aðalnámskrá grunnskóla segir að megintilgangur námsmats sé að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Markviss endurgjöf til nemanda er í daglegu skólastarfi. Nemendur og kennarar ræða saman um markmið og framvindu námsins, í hópum eða einslega. Námsmat fer þannig fram inni í kennslustofunni við dagleg störf. Nemendur venjast því að ræða um nám sitt og því að kennarinn spyrji reglulega um það hvernig þeir leysa verkefni, hvernig þeir hugsa og hvernig þeir komast að tiltekinni niðurstöðu. Markmiðið er alltaf að finna hvað ber árangur og hvernig ber að taka næstu skref.

Formlegt námsmat fer fram í gegnum hæfnikort í Mentor. Þar eru hæfniviðmið sem metin eru reglulega og er matið birt jafnóðum. Þar má einnig finna umsagnir þar sem kennarar kjósa að nýta þær. Samtöl við foreldra og nemendur eru að jafnaði tvisvar á vetri á viðtalsdögum þar sem framvindan er rædd og þau markmið sem stefnt er að. Að vori fá nemendur fá útprentuð vitnisburðarblöð.

Í Oddeyrarskóla er lögð áhersla á fjölbreyttar leiðir í námsmati.

Lykilhæfni tengist öllum námsgreinum skólans og vísar til hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum. Lykilhæfni er hæfni þar sem alhliða þroski nemenda birtist. Lykilhæfni er þannig metin um leið og þekking og leikni í hinum mismunandi greinum er metin og fléttast gjarnan inn í annað námsmat. Viðmið um matið eru sett fram í fimm liðum sem eiga við öll námssvið:

- ☐ Tjáning og miðlun
- ☐ Skapandi og gagnrýnin hugsun
- ☐ Sjálfstæði og samvinna
- ☐ Nýting miðla og upplýsinga
- ☐ Ábyrgð og mat á eigin námi

[Hér](#) má sjá veggspjald þar sem nánar er fjallað um þessa þætti og hvað þeir þýða fyrir hvert aldursstig.

INNRA MAT

Í Oddeyrarskóla er starfandi teymi, gæðaráð, sem heldur utan um innra mat á skólastarfinu og gerð umbótaáætlana. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Markmið matsins er að veita upplýsingar um skólastarfið og hvernig það þróast. Markmið mats er einnig að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við lög og að auka gæði skólastarf og stuðla að umbótum. Á hverju sumri eru birtar vorskýrslur skólans, sem innihalda helstu upplýsingar er varða liðið skólaár og mat á skólastarfinu.

Á heimasíðu skólans má finna [umfjöllun um innra mat](#) s.s. fjögurra ára áætlun, vorskýrslur, umbótaáætlun og niðurstöður kannana. Á hverju skólaári er ákveðinn þáttur sem liggur til grundvallar innra mati, s.s. hvernig innra matið sjálft virkar, nám og kennsla og stjórnun og fagleg forysta. Þess utan eru metnir valdir þættir úr sýn og stefnu skólans ár hvert ásamt því að unnið er með umbótaáætlun frá skólaárinu á undan og svo lagt mat á hvernig til tókst.

Skólinn vinnur að innra mati á hverju ári og er skýrsla unnin að vori sem byggir á áherslum skólans og því mati sem unnið er á skólaárinu. Gagnasöfnun fer fram í gegnum Skólapúlsinn sem aflar upplýsinga frá nemendum, foreldrum og starfsmönnum og SVÓT greiningar á viðburðum og starfi. Kannanir eru lagðar fyrir innan skólans og starfsmannakönnun Akureyrarbæjar gefur mikilvægar upplýsingar, sem og starfsmannasamtöl. Jafnframt er haldið skólaping á hverju skólaári til að fá álit nemenda á ýmsum þáttum í skólastarfinu.

Hluti af innra mati er að rýna í árangur nemenda og framfarir. Það er gert með ýmsu móti, hæfni nemenda er metin reglulega og niðurstöður birtar á hæfnikorti. Einnig er rýnt í niðurstöður skimana og prófa með það fyrir augum að bæta kennslu og auka árangur allra nemenda.

Skólinn gerir reglulega umbótaáætlun sem tekur á því sem fram kemur í innra mati. Áætlunin tekur til eins skólaárs og eru þar tilgreindir þeir þættir sem setja þarf aukinn kraft í til að tryggja gæði skólastarfs.

SAMVINNA HEIMILA OG SKÓLA

Mikilvægt er að hver skóli hafi stefnu um markvissa samvinnu heimila og skóla. Oddeyrarskóli leggur ríka áherslu á farsælt samstarf heimila og skóla, byggt á samvinnu og gagnkvæmri virðingu. Til þess að nemendur njóti sín sem best er mikilvægt að skólinn og heimilin séu samstíga og vinni saman að velferð nemenda.

Á árunum 2002 - 2006 var unnið þróunarverkefnið í Oddeyrarskóla um bætt samstarf heimila og skóla. Einn liður í þróunarverkefninu var að koma á fót heimsóknum á heimili nemenda. Markmið verkefnisins var að skapa umgjörð um jákvæð samskipti heimila og skóla til þess að efla námslega og félagslega færni nemenda. Ákveðið að skipuleggja náið samstarf umsjónarkennara við foreldra nemenda í 1. bekk og 8. bekk. Þessar heimsóknir hafa náð að festast í sessi og býðst foreldrum nemenda í 1. og 8. bekk að fá umsjónarkennara barna sinna í heimsókn til að ræða um skólastarfið og líðan nemenda. Heimsóknin til nemenda í 1. bekk er örstutt vorið áður en nemendur byrja í skólanum. Umsjónarkennarar nemenda í 8. bekk heimsækja sína nemendur í upphafi skólaárs. Í heimsókninni er rætt það helsta sem fjölskyldunni liggur á hjarta varðandi komandi vetur. Ef foreldrar vilja ekki fá kennara heim má að sjálfsögðu hafa samtalið í skólanum.

Áhersla er á gagnkvæma upplýsingagjöf milli heimilis og skóla um nám, kennslu og líðan. Á heimasíðu birtast almennar fréttir en fjölskylduvefurinn Mentor er nýttur til upplýsingagjafar um stöðu nemenda. Náms- og kennsluáætlanir eru aðgengilegar og niðurstöður prófa og kannana kynntar. Umsjónarkennarar senda föstudagspóst í hverri viku með upplýsingum um skólastarfið.

Áherslur í samstarfi eru ræddar á fundum með foreldrum, kennarar meta hverskonar samstarf skilar árangri og leita nýrra leiða til að efla það. Sérstök áhersla er á aukið samstarf þegar barn þarf sérstakan stuðning.

Lögð er áhersla á að foreldrar upplifi jákvætt viðmót og að starfsfólk sýni skilning og áhuga á að vinna með foreldrum.

Í Oddeyrarskóla starfar virkt foreldrafélag sem hvetur alla til þátttöku í leik og starfi og styður við skólastarfið á ýmsan hátt.

SAMSTARF SKÓLA OG SKÓLASTIGA

Mikilvægt er að á milli leik-, grunn-, og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga sé góð. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er nauðsynlegt að samræmi og samhengi sé í menntun. Í skólabænum Akureyri eru öll skólastig starfandi og mikilvægt að nýta þau tækifæri sem það hefur upp á að bjóða. Samstarf vinabekkja innan skóla og milli skóla stuðlar að jákvæðum skólabrag og meira öryggi og vellíðan nemenda. Samstarf milli skólastiga stuðlar einnig að víðsýni og auknum skilningi kennara á námi nemenda og starfi kennara á öllum skólastigum.

Í Oddeyrarskóla er leitast við að skapa samfellu í námi, koma til móts við þarfir nemenda og auka þannig vellíðan og öryggi þeirra þegar þeir flytjast milli skóla og skólastiga. Sérstök áhersla er lögð á að fylgja nemendum með sérþarfir vel eftir milli skólastiga. Kennarar leik- og grunnskóla hittast að hausti og gera áætlun um samstarf vetrarins þar sem fram koma allar heimsóknir milli skólanna og þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir á hvorum stað. Nemendum í efstu bekkjum fá kynningar frá og/eða fara í heimsóknir til framhaldsskólanna í næsta nágranni. Auk þess sem námsráðgjafi Oddeyrarskóla er í góðu samstarfi við námsráðgjafa framhaldsskólanna. Nemendur á unglingastigi eiga þess kost að velja valgreinar í framhaldskólum bæjarins.

Um nokkurra ára skeið hefur verið virkt samstarf vinabekkja innan Oddeyrarskóla. Nemendur 1. bekkjar eru vinabekkur nemenda 8. bekkjar og hvert barn fær eldri nemanda sem sinn vin. Eldri nemendur aðstoða yngstu börnin í frímínútum fyrstu viku skólaársins og þegar unnin eru verkefni þvert á skólann er þess gætt að nemendur í 1. bekk séu í hóp með vini sínum í 8. bekk. Samstarf vinabekkja er einnig af ýmsum öðrum toga. Vinabekkjarpörin halda upp í 10. bekk þannig að nemandi í 3. bekk á vin í 10. bekk.

SAMSTARF VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ

Mikilvægt er að hver skóli vinni náið með nærsamfélagi sínu. Oddeyrin á sér langa og áhugaverða sögu og veitir gott tækifæri til að tengja við nám. Atvinnulíf er fjölbreytt á Oddeyri og því nærtækt að kynna nemendum ólík fyrirtæki, framleiðsluferli og fjölbreytt störf og tengja við nám þeirra.

Viðfangsefni sem tengja námið við daglegt líf og starfsvettvang efla læsi nemenda á umhverfi sitt.

Í Oddeyrarskóla er lögð áhersla á að nemendur og starfsfólk vinni náið með nærsamfélaginu í því skyni að auka námsáhuga, dýpka nám og öðlast víðsýni. Námið er sett í raunverulegt samgengi með vettvangsheimsóknum sem eru undirbúnar og nýttar í samhengi við námsmarkmið.

Nemendur afla sér upplýsinga áður en farið er í vettvangsferðir, skipuleggja þær í samvinnu við kennara, safna upplýsingum á vettvangi og vinna úr þeim. Margar stofnanir bæjarins bjóða upp á vettvangsferðir, ekki síst söfnin og eru þessi tækifæri nýtt til að dýpka nám nemenda, sérstaklega þegar unnið er með ákveðin þemu.

ÝMSAR ÁÆTLANIR

- [Móttaka nýrra nemenda](#)
- [Móttaka nemenda af erlendum uppruna](#)
- [Áfengis- og fíknivarnir](#)
- [Viðbragðsáætlun gegn einelti](#)
- [Jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla](#) þarfnast uppfærslu
- [Viðbrögð við áföllum](#)
- [Verklagsreglur Akureyrarbæjar vegna nemenda með fjölpættan vanda](#)
- [Öryggi og velferð barna](#)